

## 1704040 – Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2018 og 2019-2021

Á bæjarstjórnarfundum þann 5. september s.l. lögðu bæjarfulltrúar Bæjarlistans, Samfylkingar og Viðreisnar eftirfarandi fyrirspurn:

*Bæjarfulltrúar Bæjarlistans, Samfylkingar og Viðreisnar gerir athugasemd við framlögð svör þar sem vitnað er í 75. grein sveitarstjórnarlaga og reglugerð þeim fylgjandi.*

*Í reglugerðinni segir, í viðauka III, bls 59: „Heimild til tilfærslna innan málaflokka skv. 1. mgr. er háð því að sveitarstjórn hafi áður samþykkt sérstakar verklagsreglur um framkvæmd sérstakra tilfærslna, þar sem fram komi m.a. með skýrum hætti hvaða starfsmenn sveitarfélagsins hafi slíka heimild.“*

*Óskað hefur verið eftir þessum verklagsreglum, en fram kom í máli bæjarstjóra í dag að reglurnar séu ekki til. Óskað er staðfestingar á því. Séu þær ekki til, ítrekum við spurningu okkar um það hvernig þessi breyting á fjárhagsáætlun telst standast ákvæði sveitarstjórnarlaga, sbr. upprunalega fyrirspurn.*

**Svar:**

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur ekki samþykkt verklagsreglur skv. 3. mgr. 4. gr. fylgiskjals nr. III með rgj. nr. 1212/2015

Í því máli sem hér um ræðir var ákvörðun um tilfærslu innan málaflokks tekin í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar, þegar rammisamkomulag milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og FH var samþykkt.

Í meðfylgjandi álitum 2/2012 frá Reikningsskila- og upplýsinganefnd er niðurstaða nefndarinnar varðandi viðauka eftirfarandi:

*„Það er niðurstaða reikningsskila- og upplýsinganefndar að skilgreina tilfærslur milli „liða“, í þegar samþykktu fjárhagsáætlun, eins og það er orðað í 63. gr. sveitarstjórnarlaga, sem tilfærslur á milli málaflokka (sbr. viðauka 2.5. hér að ofan). Sem dæmi má nefna tilfærslur frá fræðslumálum og yfir til æskulýðs- og íþróttamála. Tilfærslur innan málaflokks án þess að heildarútgjöld vaxi, falla undir daglegan rekstur og eðlilega fjármálastjórn, Ekki er ætlast til að slíkir gjörningar séu lagðir fyrir sveitarstjórn til samþykktar.. Hafa ber þó í huga verulega breytingar skal leggja fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Það getur svo verið góð vinnuregla að gera sveitarstjórn grein fyrir smærri tilfærslum tvisvar til þrisvar sinnum yfir árið. Hvernig málaflokkar eru skilgreindir kemur fram í viðauka 2.5 í auglýsingu 229/2012. Tillögur um tilfærslur þar á milli skulu ávallt samþykkjast af sveitarstjórn.“*